



7. mars 2023

Efni bréfs: Hliðrun á legu lóðar fyrir fyrirhugaða aðstöðu Skógræktarfélags Mosfellsbæjar

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar hefur nú um nokkurra ára skeið stefnt að uppbyggingu aðstöðu við Skarhólabraut í norðanverðu Úlfarsfelli. Þessi staðsetning var valin í staðarvalsgreiningu og var lóð fyrir fyrirhugaða aðstöðu Skógræktarfélags Mosfellsbæjar (SM) afmörkuð í tengslum við deiliskipulag vatnstanks í Úlfarsfelli. Þegar settir voru niður hornstaurar til að afmarka lóðina á vettvangi kom í ljós að lóðin náði yfir nokkra landnemareiti. Landnemareitir eru um hálf hektara skógræktarreitir þar sem svokallaðir landnemar gera samning við SM þar sem þeir skuldbinda sig til að sjá um ræktun og umhirðu reitanna. Reitirnir eru nú um 30 ára gamlir og því mikil vinna sem liggur að baki þessum skógræktarreitum. Það var því ljóst að þessi lega lóðarinnar myndi ekki ganga upp. Sú staðsetning sem litið var til frá byrjun liggur innan þess landnemareits sem nú er án samnings og því á forræði SM, lítil ræktun hefur farið fram í reitnum og því borðleggjandi að nýta það svæði undir lóðina. Fulltrúar í stjórn SM gerðu því grófa hugmynd að nýrri legu með því að hliðra til fyrri afmörkun, en þannig að form og stærð lóðar héldu sér. Sú tillaga er í fylgiskjali. Hér er einungis um grófa afmörkun að ræða og eftir að málið hefur verið kynnt fyrir skipulagsnefnd þarf í kjölfarið að fullvinna tillöguna.

Virðingarfyllt,

Björn Traustason

Formaður Skógræktarfélags Mosfellsbæjar